

Skýrsla um starfsemi Listasafns Sigurjóns Ólafssonar maí 2000 - maí 2001

BIRGITTA SPUR

Sýningar

Á tímabilinu 1. júní - 29. október 2000 var sýning í safninu á 28 völdum verkum eftir Sigurjón ásamt 10 ljósmyndum. Voru þetta verk frá ýmsum tímum og úr ólíkum efnum. Með sýningunni fylgdi bæklingur um Sigurjón og með skýringum við verkin, hvoru tveggja á íslensku og ensku.

Yfir sumarmánuðina hékk einnig uppi sérstök veggspjaldasýning um sögu Laugarness í tengslum við sumarnámskeið fyrir börn sem síðar verður frá greint.

Þann 5. nóvember var opnuð norræn farandsýning *Hærra til þín* í Listasafni Sigurjóns og í Ásmundarsafni. Sýningin er sameiginlegt framlag safnanna tveggja til Kristnihátíðar og Reykjavíkur menningarborgar Evrópu árið 2000. Valin voru saman verk eftir eftirtalda listamenn; frá Íslandi: Ásmund Sveinsson og Sigurjón Ólafsson; frá Færeyjum: Samuel Joensen-Mikines; frá Noregi: Hannah Ryggen og Jakob Weidemann og frá Danmörku: Olivia Holm-Møller, J.A. Jerichau, Robert Jacobsen og Svend Wiig-Hansen. Menntamálaráðherra, Björn Bjarnason, opnaði sýninguna í Sigurjónssafni og borgarstjórinn í Reykjavík, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, opnaði sýninguna í Ásmundarsafni. Sýningunni lauk hér á Íslandi 4. janúar 2001 og var síðan sýnd undir heitinu *Passionstener* í Þórshöfn í Færeyjum (20. janúar - 18. febrúar 2001) og í Sophienholm, Lyngby, Kaupmannahöfn (8. mars - 22. apríl 2001). Í Sophienholm var hún opnuð af Helga Ágústssyni sendiherra Íslands í Danmörku. Þann 4. maí var sýningin opnuð í Museet på Sønderborg Slot á Suðurljóntlandi og verður þar í allt sumar, en fer svo í lok ágúst til Museet for Religiøs Kunst á Norðurljóntlandi og lýkur henni þar þann 21. okt.

Gefin var út vönduð, myndskreytt sýningarskrá á íslensku og dönsku. Biskup Íslands, Herra Karl Sigurbjörnsson ritaði inngangsorð og sex listfræðingar voru fengnir til að rita greinar um listamennina níu. Sýningin er styrkt af Norræna menningarsjóðnum, Kristnihátíðarnefnd, Reykjavík menningarborg Evrópu árið 2000, menntamálaráðuneytinu og ýmsum styrktaraðilum.

Hefur sýningin hlotið jákvæða umfjöllun í dönskum fjölmiðlum, meðal annars í Kunstavisen, og einnig gerði danska sjónvarpsstöðin TV-4 15 mínútna þátt um sýninguna þar sem rætt var við Birgittu Spur.

Starfsfólk LSÓ mun fylgja sýningunni eftir erlendis og stjórna uppsetningu og pökkun á hverjum sýningarstað. LSÓ sér einnig um stjórnun og bókhald sýningarinnar.

Tónleikar

Þriðjudagstónleikar sumarsins 2000 hófust 27. júní og stóðu til ágústloka. Alls komu fram 20 tónlistarmenn á 9 tónleikum. Listi yfir þriðjudagstónleikana fylgir þessari skýrslu.

Aðrir tónleikar:

- Nemendatónleikar Tónlistarskólans í Grafarvogi 10.05.00
- Tónskáldafélag Íslands 19.11.00
- Tónskóli Sigursveins D. Kristinssonar 09.12.00
- Tónskóli Sigursveins D. Kristinssonar 15.12.00

Námskeið fyrir börn og unglinga

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar beitti sér fyrir námskeiði fyrir 11-14 ára krakka sem bar heitið *Sagan í landslaginu - náttúra, búseta, minjar og list*. Samstarfsaðilar voru: Nesstofusafn, Árbæjarsafn, Náttúrufræðistofnun og Viðey, staðarhaldari. Námskeiðið var á dagskrá Reykjavíkur menningarborgar Evrópu árið 2000, sem veitti styrk til gerðar fræðsluefnis og launagreiðslna leiðbeinenda, samtals kr. 700.000.

Námskeiðið tókst mjög vel og komust færri að en vildu. Voru þetta sjö 5 daga námskeið og voru að hámarki 12 börn í hverju þeirra. Aðsókn var mest meðal yngri krakka 11-12 ára, enda virtist námsefnið, sem sett var fram í formi fjölbreyttra verkefna og leikja, höfða sterkast til 11 ára barna. Námskeiðið fjallaði á lifandi og fjölbreyttan hátt um ýmsa þætti sem tengjast landnámi og sögu, náttúrufræði, minjum í náttúrunni og í menningarumhverfi borgarinnar. Heilum degi var varið á eftirtöldum stöðum: í og við Nesstofusafn á Seltjarnarnesi, í og við Árbæjarsafn, í Kvosinni, á Laugarnestanga og í Viðey.

Önnur starfsemi

Að venju var salur safnsins rammi um móttökur og aðra atburði og skulu hér nokkrir nefndir:

- Á tímabilinu 3. - 9. maí leigði Framkvæmdasýsla ríkisins safnið fyrir sýningu á tillögum þeim, sem borist höfðu í samkeppni um hönnun nýrra sýninga í Þjóðminjasafni Íslands.
- Í lok febrúar voru upptökur í safninu fyrir gerð kvikmyndar um Vigdísi Finnbogadóttur í tilefni af 70 ára afmæli hennar.
- Þann 21. maí var safnið leigt fyrir upptöku auglýsingamyndar fyrir Íslandsbanka.
- Þann 24. ágúst var úthlutað tónlistarverðlaunum úr minningarsjóði Jean Pierre Jacquillat.
- Haldnar voru þrjár stærri veislur í sal safnsins og jafn margar styttri móttökur með veitingum og leiðsögn.
- Listasafn Sigurjóns bauð stjórn Sambands norrænna safnmanna (Skandinavisk Museumsforbund) að halda fund í safninu þann 3. febrúar 2001 til undirbúnings ráðstefnu sambandsins sem haldin verður á Íslandi sumarið 2002.

Meningartengd ferðapjónusta

- Sérstök dagskrá var unnin fyrir hópa frá Ferðaskrifstofu Guðmundar Jónssonar; kynning á Sigurjóni og verkum hans í safninu og 30 mínútna tónleikar þar sem Signý Sæmundsdóttir sópransöngkona og Þóra Fríða Sæmundsdóttir píanóleikari fluttu íslensk sönglög með enskum skýringum söngkonunnar. Var þetta flutt tvisvar: 23.03.00 og 17.10.00.
- Veitt hefur verið leiðsögn fyrir hópa útlendinga með eigin fararstjóra, sem sérstaklega hafa óskað eftir að koma í safnið.
- Listasafn Sigurjóns tók þátt í Íslenska safnadeginum með leiðsögn sem fjallaði um andlitsmyndir Sigurjóns sunnudaginn 9.07.00. Safnadagurinn var auglýstur sérstaklega með stórra auglýsingu í Morgunblaðinu.

Rannsóknir og útgáfustarfsemi

Mikilvægum áfanga í skráningu listaverka Sigurjóns var náð með útgáfu heildarskrár á árunum 1998 og '99. Starfsmenn safnsins eru þó vakandi fyrir því að færa inn nýjustu upplýsingar um verk Sigurjóns á spjald- og tölvuskra safnsins. Á árinu 2000 upplýstist meðal annars að andlitsmynd Sigurjóns af vini hans Otto

Gelsted væri ekki glötuð heldur í eigu hins virta safns Det Nationalhistoriske Museum på Frederiksborg.

Danski listfræðingurinn Charlotte Christensen ritaði stutta og hnitmiðaða grein um Sigurjón í sýningarskrána *Hærra til þín*. Hún hefur ekki unnið með list Sigurjóns fyrr, en var valin til þessa því það er afar mikilvægt að sem flestir fræðimenn, sérstaklega danskir, fái möguleika á að kynna list Sigurjóns.

Kynning

Besta kynning á list Sigurjóns og safni hans er án efa fyrrgreind farandsýning með öðrum norrænum listamönnum, þar sem Sigurjón og Ásmundur eru fulltrúar fyrir móðerníska, íslenska höggmyndalist.

Hanna G. Sigurðardóttir tók viðtal við Birgittu Spur til að kynna bæði tónleikaröð LSÓ og sumarnámskeiðið fyrir börn fyrir hlustendum RÚV í upphafi sumartónleika. Einnig var fjallað um *Hærra til þín* í sjónvarpsþættinum MÓSAIK 04.12.00.

Listaverk utan safnsins

Tvö fyrirtæki, vinveitt safninu, hafa að láni listaverk úr umsjón safnsins, Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddssen og Húsfélagið Sundaborg.

Skipulagsmál

Deiliskipulag fyrir Laugarnes var samþykkt í borgarráði 12. september 2000. Þetta eru nokkur tíðindi því það hefur verið eitt af markmiðum safnsins að stuðla að verndun Laugarness sem minja- og búsetulandslags auk þess sem svæðið í heild sinni er dýrmætt til útivistar.

Drög að deiliskipulagi hafa verið auglýst nokkrum sinnum undanfarinn áratug og hefur safnið ætíð gert athugasemdir á jákvæðan og uppbyggjandi hátt fyrir Laugarnesið í heild sem menningar- og búsetulandslag. Sjá má í hinu samþykka deiliskipulagi að víða hafa verið notaðar lausnir sem frá safninu eru komnar. Helstu annmarkar á skipulaginu er að ekki er kveðið á um ábyrgð og stjórn á svæðinu, í dag „flýtur“ Laugarnesið milli Gatnamálastjóra, Árbæjarsafns og Skipulagsstjóra. Listasafnið hefur lýst sig reiðubúið til að koma að stjórn og umsjón með svæðinu eftir nánara samkomulagi milli safnsins og Reykjavíkurborgar.

Menningarmálanefnd Reykjavíkurborgar hefur lagt það til við borgarráð að gerður verði þriggja ára starfssamningur milli borgarinnar og safnsins þar sem framlag safnsins til menningarlífs í borginni yrði skýrt svo og framlag Reykjavíkurborgar á móti. Þar er lagt til að safninu verði veitt framlag kr. 2.9 milljónir króna í ár. Forstöðumaður Listasafnsins og Signý Pálsdóttir menningarmálastjóri Reykjavíkurborgar hafa fundað og samningsdrög hafa verið gerð. Þau samningsdrög taka ekki til þjónustu LSÓ við Laugarnesið sem útivistarsvæðis.

Uppsetning listaverka

Sjómaður 1947 úr grásteini, sem Sigurjón gaf Hrafnistu (DAS) árið 1955 í minningu um föður sinn hefur í allmörg ár verið miður heppilega staðsett hjá Dvalarheimili aldraðra sjómanna. Á sjómannadaginn 4.06.00 var myndin færð á nýjan stöpul úr grágrýti á mun betri stað á hlaðinu við aðalinngang hússins. Leitað var eftir ráðgjöf hjá LSÓ um staðsetninguna.

Andlitsmynd Sigurjóns af Tómasi Guðmundssyni, sem upphaflega var reist í Austurstræti árið 1974 var sett í anddyri hins nýja Borgarbókasafns í Grófinni í Reykjavík og afhjúpuð þar við hátíðlega athöfn þegar húsið var tekið í notkun 18. ágúst. Leifur Breiðfjörð teiknaði grásteinsstöpul undir verkið sem tengist gler-skreytingu hans, *Fagra Veröld*.

Húsnæðismál

Listaverk safnsins eru geymd í safninu og í leiguhúsnæði á Vitastíg. Í nýsamþykktu deiliskipulagi fyrir Laugarnes er safninu ætlaður reitur fyrir geymslu allt að 200 m² með nokkuð stífum ákvæðum þó. Lýsing á geymslunni ásamt tillögu að framkvæmd hefur verið gerð til umræðu í stjórn.

Á annan tug listaverka, sem geymd hafa verið hjá Kristiania Kunst & Metalstøberi í Ósló hafa verið flutt í bráðabirgðageymslu og viðbúið er að það þurfi að flytja þau heim með haustinu.

Enn sem fyrr eru gróf áhöld, vinnuborð Sigurjóns og fleira geymd í gámi á lóð Landsvirkjunar við Hestháls.

Ráðstefnur

Forstöðumaður safnsins sótti ráðstefnu um menningartengda ferðapjónustu sem haldin var í Þjóðmenningarhúsinu 16.03.01.

Fyrirhugaðar sýningar

Fyrirhugað er að Helgi Gíslason sýni nýjar höggmyndir í safninu frá 1. til 30. september næstkomandi. Sýningin er í takt við þá stefnu að bjóða íslenskum þrívíddarlistamönnum að sýna verk sín í safninu. Áður hafa Páll Guðmundsson á Húsafelli og Örn Þorsteinsson sýnt hér.

Auglýst hefur verið eftir atriðum á Listahátíð í Reykjavík 2002 og skal geta þess hér að LSÓ hefur, í samráði við Ásdísi Þórhallsdóttur leikstjóra, gert áætlun um sérstæða sýningu eða atburð þar sem spilað er saman frumortum ljóðum valinna ljóðskálda, sem öll eru konur, og höggmyndum Sigurjóns. Það er þó forsenda fyrir framkvæmd sýningarinnar að það takist að útvega næga styrki.

Netið

Sumarið 2000 var keypt ný tölva og komið var á nettengingu við Hringiðuna hf. Netfang safnsins er lso@vortex.is. Hefur þetta flýtt verulega fyrir ýmsum samskiptum og aukið upplýsingaflæði. T.d. hafa gögn um Sigurjón verið send Upplýsingamiðstöð myndlistar og vefsíðu ICOM og munu þau birtast þar. Heimasíða Listasafnsins er í mótun og er stefnt að því að gera listaverkaskrána aðgengilega á netinu.

Tækjabúnaður

Settur hefur verið upp dyrasími fyrir aðaldyrum og tengdur lítilli símstöð sem keypt var í þeim tilgangi. Gömlu símataeki, sem á sínum tíma þjónaði öllu braggahverfinu, var skipt út fyrir þráðlausan síma. Einnig hefur verið keyptur myndvarpi, meðal annars vegna sumarnámskeiðsins.

Safnmunir

Skráð listaverk í eigu LSÓ voru um áramótin 2000-2001 alls 366.

Fjöldi safngesta

á árinu 2000 var um 4.500.

Aðgangseyrir

Aðgangseyrir er kr. 300 fyrir fullorðna, 150 kr. fyrir eldri borgara og frítt fyrir börn í fylgd fullorðinna. Einnig er frítt fyrir skólahópa og nema gegn framvísun nemendaskírteinis. LSÓ var aðili að Gestakorti Reykjavíkur árið 2000.

Opnunartími

Almennt er safnið opið sem hér segir:

1. júní - 31. ágúst: Alla daga nema mánudaga kl. 14 - 17

1. sept.- 31. maí: Laugardaga og sunnudaga kl. 14 - 17

Undanfarin ár hefur safnið aðeins verið opið samkvæmt samkomulagi í desember og janúar. Vegna sýningarinnar *Hærra til þín*, sem stóð yfir í safninu 5.11.2000-04.01.2001, var opnunartíminn samræmdur opnunartíma Ásmundarsafns, daglega kl. 13 - 16. LSÓ var lokað frá 5. janúar til 3. mars 2001.

Fastir starfsmenn

Í föstu starfi hjá safninu eru forstöðumaður, Geirfinnur Jónsson og Helga

Guðmundsdóttir. Laufey Einarsdóttir hefur unnið sumarvinnu síðastliðin tvö ár og Ásdís Þórhallsdóttir hefur einnig unnið hlutastarf.

Stjórnarfundir

Stjórnarfundir voru haldnir 26.07 og 18.12.2000.

Stjórn LSÓ skipa

Birgitta Spur (formaður), Hlíf Sigurjónsdóttir, Æsa Sigurjónsdóttir, Anna Einarsdóttir og Gísli Sigurðsson. Varamenn eru Geirfinnur Jónsson og Karólína Eiríksdóttir.

Fulltrúaráð LSÓ skipa

Anna Einarsdóttir, Björg Þorsteinsdóttir, Brynja Benediktsdóttir, Erlingur Jónsson, Gísli Sigurðsson, Guðrún Agnarsdóttir, Inga Lára Baldvinsdóttir, Karólína Eiríksdóttir, Kristján Guðmundsson, Pétur Guðmundsson (varaformaður), Sigmundur Guðbjarnason (formaður) og Vikar Pétursson.

Stjórn Styrktarsjóðs LSÓ skipa

Baldvin Tryggvason, Birgitta Spur og Matthías Johannessen.

Endurskoðandi safnsins

er Árni Snæbjörnsson, löggiltur endurskoðandi

SUMARTÓNLEIKAR

2000

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar

27. júní **Sigurbjörn Bernharðsson** fiðla og **Anna Guðný Guðmundsdóttir** píanó. *Sónata* í e-moll KV 304 eftir W.A. Mozart, *Expromtu* eftir Pál P. Pálsson (frumflutningur) og *Duo Concertante* eftir Igor Stravinsky.
4. júlí **Christopher Czaja Sager** píanóleikari. *Partítur I - III* eftir J. S. Bach.
11. júlí *Ydun Duo*: **Lise Lotte Riisager** mezzosópran og **Morten Spanggaard** gítarleikari. Verk eftir Carl Nielsen, Egil Harder, P.E. Lange-Müller, og einleiksverk fyrir gítar eftir Manuel de Falla.
18. júlí **Ólöf Sigursveinsdóttir** selló, **Agneszka Bryndal** píanó og **Nora Kornblueh** selló. *Sólósvíta nr. 1* í G-dúr eftir J.S. Bach, *Tilbrigði við enskar barnavísur* eftir P. Hindemith, *Sónata nr. 9* í g-moll eftir A. Vivaldi og *Fantasiestücke op. 73* eftir R. Schumann.
25. júlí **Ingibjörg Guðlaugsdóttir** básúna og **Judith Þorbergsson** píanó. *Sónata* í B-dúr fyrir altbásúnu og píanó eftir A. Besozzi, *Rómansa* op. 21 eftir Axel Jørgensen, kaflí úr konsert eftir H. Tomasi, *Aria et polonaise* eftir J. Jongen og *Rómansa* eftir Carl Maria von Weber.
8. ágúst **Sigríður Aðalsteinsdóttir** mezzosópran, **Valgerður Andrésdóttir** píanó og **Þórunn Ósk Marinósdóttir** víóla. *Liederkreis* op. 39 eftir R. Schumann. *Zwei Gesänge* op. 91 og *Zigeunerlieder* op. 103 eftir J. Brahms.
15. ágúst *Trio Romance*: **Guðrún Birgisdóttir** og **Martial Nardeau** flautuleikarar ásamt **Peter Maté** píanóleikara. *Grand Trio* nr. 2 í A-dúr eftir John Clinton, *Entra ácte* úr óperunni Carmen eftir G. Bizet, verk eftir G. Fauré, *Guillaume Tell - Duo Brilliant* eftir Rossini o.fl., *Hora Staccato* eftir G. Dinicu.
22. ágúst **Erla Þórólfsdóttir** sópran og **William Hancox** píanó. Verk eftir Hugo Wolf, *La Court Paille* eftir F. Poulenc, *From a Child's Garden* eftir M. Williamson, og verk eftir Richard Strauss.
29. ágúst **Ingibjörg Guðjónsdóttir** sópran og **Valgerður Andrésdóttir** píanó. Verk eftir J. Haydn, V. Bellini, G. Rossini, R. Strauss og úr *Söngbók Garðars Hólms*, lög eftir Gunnar Reyni Sveinsson